

Páskaferð Litla skíðafélagsins 1944

STEFÁN G. BJÖRNSSON

„Til er félag í bænum, Litla skíðafélagið, sem ferðast stundum í mestu fávíðrum vetrarins uppum jökla og óbygðir sér til skemtunar. Maður skyldi ætla að þetta væru einhverjir annáladir hreystimenn, sjálfkjörmar þjóðhetjur, nokkurskonar landpóstar nútímans, en fjarri fer því, þetta eru pappírsbúkar úr ofnstofum, kontóristar, búðarmenn. Þeir slá upp tjöldum sínum á jöklum og liggja þar sólarhringum saman í stórhrið ef því er að skifta, — og það kemur ekkert fyrir þá nema þeir eru heldur hressari þegar þeir koma ofan en þegar þeir fóru upp. Þeir hafa lært að búa sig í fjallaferðir.“

Hverjir voru þeir og hvert ferðudust þeir „pappírnbúkarnir úr ofnstofum“, sem Halldór Kiljan Laxness nefndi svo árið 1944 í ritgerð sinni „Er kalt á Íslandi?“ (endurprentuð í Sjálfsgöðum hlutum 1946).

Vegna snjóleysis í hinu næsta nágrenni Reykjavíkur á árunum upp úr 1920 fór Skíðafélag Reykjavíkur, sem L. H. Müller hafði stofnað 1914, að flytja skíðafólk með bílum upp á Helliheiði; fyrsta slík ferð mun hafa verið farin 1924 og þótti mikill viðburður. Í þessum ferðum atvikadist það svo að nokkrir vinir og kunningjar fóru að halda hópinn á skíðagöngum um heidina og einhvern tíma kallaði Müller þetta „Litla skíðafélagið“ og festist nafnið við þennan hóp. Nokkrum árum seinna, árið 1936, fór Litla skíðafélagið sína fyrstu páskaferð, en slíkar ferðir voru farnar í 10 ár samfleytt.

Ferðir þessar verða lítillaga raktar hér eftir minni og einnig eftir blaðafréttum frá þessum tíma, en aðalfrásögnin verður helguð Hofsjökulsferðinni 1944.

Aðalhvatamaður þessara páskaferða var Tryggvi Magnússon verzlunarstjóri, en hann var góður skíðamaður og að auki fjölhæfur íþróttamaður, úthalds- og úrræðagóður og hinn ágætasti ferðafélagi. Þátttakendur í flestum ferðanna voru auk Tryggva, Árni Haraldsson, Björn Hjaltsted, Einar G. Guðmundsson, Friðþjófur Ó. Johnson, Gunnar Guðjónsson, Magnús Andrésson, Magnús J. Brynjólfsson, Ólafur Haukur Ólafsson, Sigurður Sigurðsson, Stefán G. Björnsson og Kjartan Hjaltsted, en hann einn fór allar ferðirnar. Í fyrstu ferðinni voru einnig Guðmundur Sveinsson og Þórarinn Arnórsson og í einstöku ferðum Björn Ólafsson og Guðmundur Kristjánsson.

Fyrsta páskaferðin 1936 var farin á Langjökul. Tryggvi ritaði þá um vorið ítarlegar greinar í vikublaðið Fálkann um þessa ferð, undirbúning og útbúnað. Undirbúningur þessarar fyrstu ferðar þurfti að vera óaðfinnanlegur, enda var vel til hans vandað og stóðst allur búnaður þessa prófraun. Þetta var að vissu leyti sérstæð ferð. Skíðamenn voru alls 11 og má vera, að þetta hafi verið fjölmennasti jökulleiðangur, sem þá hafði verið farinn að vetrarlagi hér á landi. Vegna aurbleytu varð einungis komist á bílnum upp undir Múla í Biskupstungum en áfram var brotist með farangur á hestum og kerrum upp að Geysi. Þaðan var síðan haldið með 20 hesta, þar af voru 7 undir klyfjum, og var enn brotist í mikilli ófærð, snjó og krapa, upp að Einifelli við Hagavatn. Þar fóru bádir fylgdarmennirnir til baka með hestana, en göngumenn fóru á skíðum að baki Jarlhettna, um Bláfellsjökul á Skriðufell, síðan um hábungu Langjökuls á Geitlandsjökul og um Þórisdal suður fyrir Björnsfell, en þangað komu menn frá Kára-